



ÍSLENSK MÁLNEFND

Alþingi

Erindi nr. P/112/1959

komudagur 23/4 1990

17. apríl 1990

Menntamálanefnd neðri deildar
Þorsteinn Magnússon nefndaritari
Alþingi

Íslenskri málnefnd hefir borist bréf menntamálanefndar neðri deildar, dags. 10. þ.m., þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar um frumvarp til laga um mannanöfn, 475. mál, fyrir 18. þ.m.

Bréfið var lagt fyrir stjórnarfund málnefndar rétt eftir að það barst, miðvikudaginn 11. þ.m. Með því að bæna- og helgidagar fóru þá í hönd og umsagnarfresturinn naumur sá stjórn nefndarinnar sér ekki fært að veita verðuga umsögn um svo efnismikið frumvarp með svo skömmum fyrirvara. Eigi að síður hefir stjórn málnefndar mikinn áhuga á frumvarpinu og hefði viljað hafa ráðrúm til að kynna sér það rækilega og láta í té umsögn um það.

Með vinsemd og virðingu

ÍSLENSK MÁLNEFND


Kristján Árnason